

Furðufuglar óvelkomnir

Framkvæmdastjóri Geðhjálpar segir í viðtali við DV, að það séu fordómar og stuðningsleysi leikskólastjóra í garð fólks með geðræn vandamál að segja leikskóla hafna starfskröftum „furðufugla“ og fólks með geðræn vandamál, sem hafi sótt eftir störfum á leikskólunum í hallæri síðustu mánaða.

Þarna togast á tvö sjónarmið. Geðhjálp vill fá sitt fólk í störf hjá hinu opinbera. Leikskólastjórinn vill, að fólk, sem vinnur með börn á leikskólum, sé nokkurn vegin „normal“. En það má hafa til marks

um sósíalfasisma kerfisins, að leikskólastjórinn þorði ekki að koma fram undir nafni.

Sveinn Magnússon hjá Geðhjálp Vill ekki heyra orðið „furðufuglar“.

